

Nd.

104. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit sveitarstjórnarmálefna fyrir hönd atvinnumálaráðuneytisins og undir yfirstjórn þess. Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

2. gr.

18. gr. laganna falli burtu, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Í stað orðanna „og er eftirlitsmanni þá skylt“, í 19. gr. laganna, sem verður 18. gr., komi: og er þá rétt.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist: Getur þá atvinnumálaráðherra einnig vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins um lengri eða skemmri tíma.

5. gr.

22. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skal leita álits og tillagna eftirlitsmanna sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, skipaðri af atvinnumálaráðherra til að athuga fjárhagsmálefni bæjar- og sveitarfélaga. Allsherjarnefnd mun bera fram brtt. við frv. við síðari umr. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Um 1. gr.

Fjárhagsástæður bæjar- og sveitarfélaga víðsvegar um land og fjárstjórn þeirra er á þá leið, að skjótra umbóta þarf við. Þær umbætur verða ekki gerðar, nema ríkið stofni til sterkrar eftirlitsstarfsemi, er næstu ár fylgist rækilega með ástæðum bæjar- og sveitarfélaganna heima fyrir og sé hæði leiðbeinandi á staðnum og einnig ráðgefandi hjá ríkisstjórn um aðstoð þá, sem ríkið veitir nú og mun næstu ár þurfa að veita sumum bæjar- og sveitarfélögum.

Augljóst er, að þvílíku trúnaðarstarfi annar ekki einn maður. Eigi að hefja nú þegar sterka umbótastarfsemi um land allt og fylgja henni eftir með festu, þá þarf fleiri menn til. Þess vegna er hér lagt til, að sú breyting verði gerð á gildandi lögum, að atvinnumálaráðherra sé heimilað að skipa einn mann í hverjum landsfjórðungi til þessara trúnaðarstarfa.

Menn þessir hafi sérstakt starfssvið hver, en heppilegt má telja, að þeir hafi með sér fundi og beri saman ráð sín og samræmi þannig eftirlits- og umbótastarfsemina í öllu landinu.

Nefna má til dæmis um verkefni fyrir þessa trúnaðarmenn:

1. Að taka þátt í að semja fjárhagsáætlanir illa stæðra bæjar- og sveitarfélaga.
2. Gæta þess, að bæjar- og sveitarfélög, sem njóta styrks frá ríkinu (jöfnunarsjóður, atvinnubótafé), noti fullkomlega sína eigin tekjustofna.
3. Vera ráðgefandi um úthlutun atvinnubótafjár og sjá um, að því sé varið til varanlegra umbóta á lífsskilyrðum á hverjum stað, svo notkun þess miði að því að útrýma þörfinni fyrir viðvarandi atvinnubótastyrk.
4. Vera ráðgefandi, ef hið opinbera fer að hafa áhrif á fólksflutninga í landinu, svo sem: veita einstökum bæjar- og sveitarfélögum heimild um stundarsakir til þess að banna innflutning fólks, eða gera ráðstafanir til þess að færa milli staða þurfamenn, sem vantar verkefni. Hvorttveggja virðist ástæða til, að gert væri.

Um 2. gr.

18. gr. laganna verður ofaukið. Að sjálfsögðu annast atvinnumálaráðuneytið jöfnunarsjóðinn, og þarf ekki sérstaka grein um það á þessum stað.

Um 3. gr.

Þetta er orðalagsbreyting, sem gerir það að verkum, að ákvæðið verður í samræmi við framkvæmdina.

Um 4. gr.

Viðbót sú, er greinin leggur til, að í lögin verði tekin, er nauðsynleg, enda í samræmi við löggjöf annara þjóða um þessi efni, t. d. Norðmanna.

Um 5. gr.

Vísast til greinargerðar um 1. gr.

Reykjavík, 16. febrúar 1939.

Karl Kristjánsson. Friðjón Skarphéðinsson. Bened. Guttormsson. Jens Hólmgeirsson.